



Svífðu litla, létta blað ...

8. tbl., 3. árg., nóv/des. 2014
Skóladeild Akureyrar

Nú er jólasíðan komin inn á vefinn www.akmennt.is undir tákni jólasveinahúfu. Þar er jólatengt efni sem hægt er að nota með nemendum í desember:

- * Léttir lestextar og verkefnahefti
- * Jólakveðjur á ýmsum tungumálum
- * Íslenskir jólasíðir á ýmsum tungumálum
- * Fróðleikur um íslensku jólasveinana á pólsku
- * Heims um ból á ýmsum tungumálum
- * Erlendir jólasíðir:
 - * Um heilagan Nikulás
 - * Um heilaga Lúsíu
 - * Um mistilteininn



Erlendar jólahefðir – Bretland !

Einhvern veginn hef ég alltaf ímyndað mér að breskur jólabúðingur væri gulur en það er nú eitthvað annað. Hann er dökkur og massívur og skreyttur með kristþyrni og rifsberjum, borinn fram með rjóma, vanillusósu eða koníakssmjöri. Ef einhver vill spreyta sig á því að búa til slíkan búðing er það ekki gert í neinum fljótheitum. Undirbúningur tekur 45 mínútur, hann er eldaður í vatnsbaði í 8 klukkustundir, svo liggur allt í marineringu í 12 tíma, svo samtals er verið að hugsa um búðinginn í 1245 mínútur eða tæplega 21 klukkustund.



Fjöldi hráefna í búðinginn nær alltaf tölunni 13, sem er tákn Jesú og lærisveina hans.

Búðingurinn er búinn til síðasta sunnudag fyrir aðventu og er sá dagur nefndur „hrært upp sunnudagur“ en þá kemur öll fjölskyldan saman til að hræra upp í búðingnum. Mikilvægt er að allir hræri a.m.k. einn hring, því það á að boða lukku og allir óska sér um leið og þeir hræra. Alltaf er hrært frá austri til vesturs í minningu vitringanna. Oft er peningur settur í búðinginn til að tryggja að allir bragði á honum á jóladag en það merkir gæfu og auð að finna hann.

Margar fjölskyldur kaupa búðinginn tilbúinn í dag en ef einhver hefur áhuga á að reyna sig við þessa jólahefð Breta er uppskrift hér: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1056970/>

Pólski skólinn

Eftir fund með pólskum foreldrum var ákveðið að fara af stað með vísi að pólskum skóla í vetur. Eins og áður er það Magda Litwiniuk sem er að vinna með krökkunum í Rósenborg. Þau hittast nú tvisvar sinnum í mánuði, eða annan hvern laugardag. Magda er að vinna með tveimur aldurshópum, frá þriggja til fimm ára og frá sex til tíu ára. Hún reynir að blanda saman skemmtun, fræðslu um móðurmálið og pólska menningu og siði.

Hér eru nokkrar myndir sem Magda hefur tekið í vetur:



Nå tennes tusen julelys

norskur jólasálmur
eftir Emmy Köhler



Nå tennes tusen julelys
det stråler rundt vår jord
og himlens stjerner blinker ned
til liten og til stor.

Og over land og by i kveld
går julens glade bud
om han som fødtes i en stall
vår frelser og vår gud.

Du stjerne over Betlehem
send dine stråler ned
og minn oss om at julens bud
er kjærlighet og fred.

Til hver et fattig hjerte send
et lysstreif ifra sky
så finner det den rette vei
og det blir jul på ny.

<https://www.youtube.com/watch?v=bYomkX5IXic#t=13>

*Bestu jólakveðjur
og þakkið fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða!*

Helga